

TINNA ÓSK GRÍMARSÓTTIR

Útfærir mömmur.is á heimasmíðuðu borði

• heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD

Öryggiskerfi, gólfefni og ódýrar endurbætur

Sérblaðið Híbýli og viðhald
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

Skáldlegur sýslumaður

Gefur út smásagnasafn
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. september 2009 – 223. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Snertir alla landsmenn

Edda Heiðrún Backman leikkona er í forsvari fyrir sófnun fyrir endurhæfingar-deildina Grensás.

TÍMAMÓT 14



Kaldar kveðjur að handan

Michael Jackson var illa við fjölskyldu sína.

FÓLK 18



Forgangsröðun menntamála

„Það er sannarlega ekki forgangsmál nú að fjölga einkaskólum í borginni með tilheyrandi tugmilljóna aukakostnaði úr borgarsjóði“, skrifar Oddný Sturludóttir.

UMRÆÐAN 12


Owen hetja United

Michael Owen tryggði Manchester United sigur gegn Manchester City í ótrúlegum sjö marka borgarslag.

ÍÞRÓTTIR 23



VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR NORÐVESTAN TIL Í dag verða norðaustan 5-13 m/s norðvestan til og á Vestfjörðum, annars hæg vestlæg átt. Skúrir vestan til á Norðurlandi og síðan einnig norðaustan til síðdegis.

VEÐUR 4



Mýksti brauðosturinn á markaðnum



Öll lán fari til Íbúðalánasjóðs

Viðræður standa nú yfir um mögulega yfirtöku Íbúðalánasjóðs á öllum húsnæðislánnum bankanna. Þannig vilja stjórnvöld tryggja jafnræði milli skuldara og auðvelda samræmd úrræði fyrir heimili í greiðsluvanda.

EFNAHAGSMÁL Vilji er fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að Íbúðalánasjóður (ÍLS) taki á næstunni yfir öll húsnæðislán bankanna til að auðvelda það að bjóða upp á samræmd úrræði fyrir skuldara. Fundað hefur verið stíft um málið síðustu daga og vonir manna standa til að unnt verði að kynna tillögur í þessa veru í vikunni eða í síðasta lagi strax eftir næstu helgi.

Ráðherranefnd dóms-, félags- og viðskiptaráðherra um úrræði fyrir fólk í greiðsluferfiðleikum hefur unnið að tillögum undanfarna tvo

mánuði og stefnir á að skila af sér fyrir lok þessa mánaðar.

Þessi leið er sú sem helst hefur verið rædd í nefndinni upp á síðkastið. Henni yrði ætlað að tryggja jafnræði milli skuldara, meðal annars í ljósi þess að samkeppnislög hamla því að unnt sé að gera kröfu um samræmdar aðgerðir frá bönkunum, jafnvel þótt þeir séu að stærstum hluta í ríkiseigu.

Fulltrúar ráðherranefndarinnar hafa átt fundi um þetta mál með bankastjórum stóru bankanna þriggja og fulltrúum ÍLS og Seðla-

bankans. Nefndin fundaði síðast seinni partinn í gær um málið með fjármálaráðherra.

Samkvæmt heimildum blaðsins telur Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra þetta vera langbestu lausnina sem í boði er, og einnig heyrast ánægjuraddir með hugmyndina úr röðum Vinstri grænna.

Árni Páll vildi í samtali við Fréttablaðið í gær ekki staðfesta að þetta stæði til, en sagði að verið væri að ræða ýmsar leiðir. Ekkert hefði enn verið ákveðið.

Yrði þessi leið farin er líklegt að ÍLS tæki einfaldlega yfir skuldabréf bankanna, líkt og sjóðurinn hefur þegar gert með lán ýmissa sparisjóða. Á móti því þyrfti hins vegar að koma fé úr ríkissjóði til handa bönkunum, sem gæti kallað á hundruða milljarða útgáfu ríkisskuldabréfa. Enn á þó eftir að semja um útfærsluna við bankana.

Innan ríkisstjórnarinnar er lítið svo á að málið þurfi að klára áður en þing kemur saman í byrjun október.

-sh



TITILLINN Í HÖFN FH vann sinn fimmta Íslandsmeistaratitil á sex árum í gær eftir 2-0 sigur gegn Val á Kaplakrikavelli í Pepsi-deild karla. Atli Guðnason var hetja FH-inga og skoraði bæði mörk liðsins í leiknum. Heimir Guðjónsson hefur stýrt FH til sigurs bæði ár sín sem þjálfari liðsins en hann var fyrirlíði og leikmaður liðsins í hin þrjú skiptin sem FH vann titilinn. - sjá síðu 22 MYND/DANIEL

Íslenskir unglingar: Æ fleiri spila upp á peninga

FÉLAGSMÁL Fimmti hver unglingur á aldrinum 13 til 18 ára hefur spilað peningaspil á netinu, miðað við tölur frá 2006 og 2007. Fyrir fimm árum höfðu tvö prósent þeirra veðjað pening á vefnum.

Talið er að tvö til þrjú prósent unglinga glími við spilafíkn. Mun fleiri drengir en stúlkor stríða við þetta vandamál. - shá / sjá síðu 6

Of mikill óhugnaður: Enginn vill texta Andkríst

MENNING Enginn þýðandi hefur fundist til að texta kvikmyndina Antichrist eftir Lars von Trier. Þeir sem leitað hefur verið til treysta sér ekki til að horfa á óhugnaðinn sem birtist í myndinni eins og þarf til að stemma af mynd og texta.

„Við höfum aðeins einu sinni lent í þessu áður, það var fyrir kvikmyndina Zoo þar sem maður hefur mök við hest og deyr,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu. - fgg / sjá síðu 26

6 tommu bátur 349 krónur
Ítalskar kjötbollar í heitri Marinarasósu
Kafbátur mánaðarins • september
SUBWAY 15 ÁRA 1994-2009

Nýjung!
FLUX
Flux Junior fyrir börn 6-12 ára
Sterkar tennur og fallett bros. Flux flúormunnskol fyrir alla fjölskylduna. Fæst í næsta apóteki.
actavis

SPURNING DAGSINS



Gísli Dögg Bjarkadóttir, textil- og fatahönnuður, safnar nú 365 kjólum, einum fyrir hvern dag ársins, sem hún ætlar að nota á gjörningi á vinnustofu sinni í Vestmannaeyjum.

„Já, ætli það ekki bara.“

Gísli Dögg Bjarkadóttir, textil- og fatahönnuður, safnar nú 365 kjólum, einum fyrir hvern dag ársins, sem hún ætlar að nota á gjörningi á vinnustofu sinni í Vestmannaeyjum.

Meintur rasismi:

Aftonbladet fær ekki kærur

SVIÞJÓÐ Svenska dagblaðið Aftonbladet verður ekki kært fyrir að ýta undir rasisma með því að halda því fram að ísraelskar hersveitir hafi stolið líffærum úr látnum Palestínómönnum.

Samkvæmt fréttaveitunni TT ætlar lagafulltrúi svænsku ríkisstjórnarinnar ekki að rannsaka fullyrðingar blaðsins frekar, jafnvel þótt blaðið hafi ekki haft nafngreinda heimildarmenn. Hann segir ekki hægt að sækja slíkt mál vegna þess hversu vel málfrelsið er varið í Svíþjóð. - ve



FÁMENNÍ Á FUNDI ÖFGAMANNA Lögreglumenn biðu átekta í Belgrad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ofbeldismenn í Belgrad:

Komu í veg fyrir gleðigöngu

SERBÍA, AP Samkynhneigðir hættu í gær við fyrirhugaða gleðigöngu sína í Belgrad, höfuðborg Serbíu, vegna hótana frá harðlinuhópum þjóðernissinna, sem boðuðu til mótmælasamkomu gegn gleðigöngunni.

Fáir mættu á mótmælafundinn, en 46 manns voru handteknir í aðgerðum lögreglu gegn ofbeldishópum sem gert hafa töluverðan usla í borginni undanfarið. Í gær var ráðist á 25 ára gamlan Ástrala, sem var á gangi í almenningsgarði í Belgrad. Annar útlendingur, 28 ára Frakki, liggur lífshættulega slasaður á sjúkrahúsi eftir barsmiðar sem hann varð fyrir á fimmtudag. - gb

Stjórnarmenn í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur kæra stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna til FME:

Segja fjárfestingar stjórnar vafasamar

VIÐSKIPTI Tveir stjórnarmenn í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur (VR), þeir Bjarki Steingrímsson, varaformaður félagsins, og Ragnar Þór Ingólfsson, ætla að kæra stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verslunarmanna (LV) til Fjármálaeftirlitsins (FME). Þeir segja stjórnarmenn lífeyrissjóðsins hafa brotið gegn samþykktum sjóðsins og telja fjárfestingar í Kaupþingi, Existu og Bakkavör vafasamar. Þetta kom fram í fréttum Sjónvarps í gærkvöldi.

Ragnar Þór segir að málið eigi sér langan aðdraganda og varði mál félaga sem tengjast Bakkavörarbræðrum. „Ég tel að það hafi verið brotið gegn samþykktum sjóðsins og nú viljum við láta reyna á það með því að FME fari ofan í saumana á þessu. Kæruefnin snúa að viðskiptum LV við Kaupþing og Existu og

venslatengsl á milli sjóðsstjórnar og fyrirtækjanna.“

VR fær ekki upplýsingar hjá lífeyrissjóðnum um gjaldeyrissamninga og skuldabréfaútgáfu til Existu-félaganna og ber LV við bankaleynd. Ragnar segir að FME hafi hins vegar tekið af allan vafa um að umbeðnar upplýsingar heyri ekki undir bankaleynd.

„Reyndar kemur fram í yfirlýsingu FME að það sé frekar hagur sjóðsfélaga að þessar upplýsingar komi fram,“ segir Ragnar sem einnig hafði aflað sér lögræðiálits sem kemst að sömu niðurstöðu. - shá

KAUPÞING Kæruefnin snúa öll að kaupum LV í félagum sem tengjast Bakkavörarbræðrum; Kaupþingi, Existu og Bakkavör.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Einn skattstjóri í landinu í stað níu

Spara á 140 milljónir króna með endurskipulagningu skattstjóraembætta. Starfsmönnum verður fækkað um rúmlega tuttugu ef breytingarnar ná fram að ganga. Hugmyndirnar voru kynntar skattstjörum á fundi fyrir helgi.

STJÓRNSÝSLA Fjármálaráðuneytið vinnur að hugmyndum um að steypa níu embættum skattstjóra saman í eitt, auk embættis Ríkisskattstjóra. Með þessu á að spara 140 milljónir króna á ári, að sögn Guðmundar Árnasonar, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu. Starfsmönnum skattkerfisins mun fækka um rúmlega tuttugu nái breytingin fram að ganga.

Þetta er gert að tillögu starfsþóps sem hefur starfað í sumar og leitaði leiða til hagræðingar hjá stofnunum fjármálaráðuneytisins.

Hugmyndirnar voru kynntar skattstjörum á fundi í fjármálaráðuneytinu á föstudag.

Guðmundur segir að liður í þeim undirbúningi, sem nú á sér stað, sé að ákveða „með hvaða hætti þessari starfsemi yrði best skipað landfræðilega“. Ætlunin sé að viðhalda þeirri

GUÐMUNDUR ÁRNASON

skiptingu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins sem verið hefur í störfum innan skattkerfisins. Hann segir hugsanlegt að störfum verði skipað niður eftir staðsetningu, þannig að tiltekin verkefni verði unnin á landsvísu á ákveðnum stöðum á landinu. Fréttablaðið hefur upplýsingar um að tillögurnar miðist við að starfsmenn skattstofunnar í Hafnarfirði annist umsýslu vegna



SKATTAUMDÆMIN NÍU Fram eru komnar tillögur sem miða að því að fækka skattaumdæmum úr níu í eitt. Með þessu og öðrum hagræðingaraðgerðum innan skattstjóraembætta eiga að sparast 140 milljónir króna.

virðisaukaskatts en starfsmenn á Akureyri vinni þau störf sem innheimta tekjuskatts kallar á.

Guðmundur segir að málið sé ekki komið á það stig að bóúi sé að taka neinar slíkar ákvarðanir. Stefnt sé að því að halda fækkan starfsmanna í lágmarki. Hann segir þó að tillögurnar miði að því að embætti skattstjóranna níu verði lögð niður, en þeir starfa nú í Reykjavík, Hafnarfirði, Helli, Vestmannaeyjum, Egilsstöðum, Akureyri, Siglufirði, Ísafirði og Akranesi. Í staðinn komi eitt emb-

ætti, auk embættis Ríkisskattstjóra. Þótt embættin verði lögð niður sé „horft til þess að mönnum byðust verkefni við hæfi og áframhaldandi störf“.

Guðmundur segir að þessi áform um skattkerfið séu algjörlega hliðstæð við það sem er til skoðunar annars staðar í ríkisskerfinu þar sem kostir þess að sameina stofnanir eru til skoðunar. Í því sambandi nefnir hann áform, sem unnið er að, um fækkan og sameiningu sýslumannsembætta. peturg@frettabladid.is



FORMAN HEIÐRAÐUR Skipuleggjendur háttárinna segja það einstakan heiður að fá Forman til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Móttaka á Bessastöðum:

Forsetinn veitti Forman viðurkenningu

KVIKMYNDIR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti tékkneska kvikmyndaleikstjórann Milos Forman heiðursverðlaun Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík árið 2009. Forsetinn afhenti Forman viðurkenninguna í háttármóttöku á Bessastöðum í gær.

Forman er einn fjögurra núlifandi leikstjóra sem hafa hlotið Óskarsverðlaunin tvisvar fyrir leikstjórn, fyrst fyrir Gauks-hreiðrið og síðan fyrir Amadeus en þær eru báðar til sýningar á hátíðinni. - shá

VENESÚELA

Chavez tvítigandi

Hugo Chavez, forseti Venesúela, sagðist ekki viss hvort hann mæti á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York nú í vikunni. Hann sé önnur kafinn við að skipuleggja leiðtogafund Afríku- og Suður-Ameríkja, sem haldinn verður á laugardag.

LOTTÓ

Vann 35,5 milljónir króna

Einn einstaklingur vann 35,5 milljónir í Lottó á laugardaginn en happamiðann keypti hann í Olís við Gullinbrú í Reykjavík. Miðinn var tíu raða sjálfvalsmiði með Jóker.

Þrjú menn handteknir í Bandaríkjunum grunaðir um tengsl við Al-Kaída:

Sakaðir um að segja ósatt

BANDARÍKIN, AP Þrjú menn voru handteknir í Bandaríkjunum um helgina, grunaðir um að ætla sér að fremja hryðjuverk.

Najibullah Zazi er 24 ára. Hann var handtekinn í Denver seint á laugardagskvöld eftir að alríkislögreglan FBI hafði yfirheyrt hann í þrjú daga í röð. Faðir hans, Mohammed Wali Zazi, er 53 ára og var einnig handtekinn í Denver. Þeir eru frá Afganistan en þriðji maðurinn, Ahmad Wais Afzali, var handtekinn í New York þar sem hann býr.

Allir voru þeir ákærðir fyrir að segja alríkislögreglunni ósatt. Þeir eiga yfir höfði sér allt að átta ára fangelsi fyrir það brot. Allir eiga þeir að koma fyrir dómara í dag.

Í tölvu Zazis fundust skjöl með leiðbeiningum um sprengjasmíði, en Zazi segist líklega hafa hlaðið



NAJIBULLAH ZAZI HANDTEKINN Ungur maður frá Afganistan var handtekinn um helgina ásamt föður sínum og félagi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þeim niður í ógáti af netinu ásamt trúarlegum skjölum. Hann hafi hent þeim nokkrum dögum síðar þegar hann áttaði sig á hvers kyns þau voru.

Zazi neitaði því að þekkja Afzali, þótt lögreglan hafi áður hlerað samtali þeirra þar sem Afzali sagðist hafa verið yfirhryður og verið spurður um feðgana. - gb

Jóhann Ólafsson & Co

ALLT AÐ 80% ORKU-SPARNAÐUR

OSRAM SPARPERUR

SKIPTU NÚNA!

SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

OSRAM

0 kr.
Nova
í Nova
– einnig fyrir
myndsímtöl!

2.000 kr.
notkun á
mánuði
í 12 mán.
fylgir símatil-
boðum Nova.
Gildir í áskrift og frelsi.

útborgun **0 kr.**
Nokia 3120
Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mánuði fylgir.
Staðgreitt: 24.000 kr.



Það er eins og
allt hljómi betur
þegar það
kostar ekki krónu!

0 kr. Nova í Nova fyrir símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS til rúmlega
fimmtíu þúsund viðskiptavina Nova – hvort sem þú þekkir þá eða ekki.
Vertu velkomin(n) á stærsta skemmtistað í heimi!

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkortu + 250 kr./mán. vegna
greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri
og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,27	123,85
Sterlingspund	201,68	202,66
Evra	181,19	182,21
Dönsk króna	24,348	24,49
Norsk króna	20,963	21,087
Sænsk króna	17,892	17,996
Japanskt jen	1,3496	1,3574

SDR 195,17 196,33

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,141

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Múslimar halda þriggja daga hátíð í lok ramadan, gera sér glaðan dag og snæða góðan mat:

Múslimar fagna föstulokum um heim allan

EGYPTALAND, AP Múslimar fagna föstulokum með ýmsum hætti víða um heim.

Í Kairó í Egyptalandi flyktist fólk í gær út á götur og að bökkum Nílarfljóts til að sýna sig og sjá aðra. Börnin skemmtu sér við að skjóta flugeldum á loft og verslunareigendur héldu stórútsölur til að draga að viðskiptavinum.

Í Íslamabad, höfuðborg Pakistans, safnaðist fólk saman í miðbænum til að fá sér að borða, kíkja í verslanir og skemmta sér.

Föstumánuðinum ramadan lauk um helgina og í beinu framhaldi af því er haldin þriggja daga hátíð þar sem fólk gerir sér glað-

an dag, snæðir góðan mat í faðmi fjölskyldunnar og skemmtir sér á ýmsa lund.

Í Gasaborg var stemningin frekar þvinguð, enda fólk enn hálf lamað eftir blóðugar árásir í byrjun ársins ásamt viðvarandi einangrun sem svæðinu er haldið í.

Í Kabúl, höfuðborg Afganistans, var léttara yfir fólk þrátt fyrir að árásum í borginni hafi fjölgað í tengslum við nýafstaðnar forsetakosningar. Börnin klæddu sig í sparifötin og fjölskyldur stilltu sér hátíðlega upp fyrir myndatöku eins og venja er til þar í borg.



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í bænum Sulaimaniyah í Írak skelltu börnin sér í hringekju í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjóri New York-borgar:

Hvattur til að endurskoða framboð

BARACK OBAMA Bandaríkjaforseti hefur farið þess á leit við David Paterson, ríkisstjóra New York, að hann gefi ekki kost á sér til embættis ríkisstjóra í næstu kosningum sem fara fram árið 2010.



DAVID PATERSON

Forystumenn Demókrataflokksins munu hafa áhyggjur af því að pólitísk staða Patersons sé ekki nægilega sterk og telja embættið of mikilvægt til að taka áhættu, að því er ónafngreindir ráðgjafar flokksins segja í samtali við AP-fréttastofuna.

Paterson tók við embættinu af Eliot Spitzer í mars 2008 eftir að hann varð uppvis að kynlífs- hneyksli.

Elskendur myrða ættingja:

Ættin mótfallin sambandinu

INDLAND, AP Lögreglan á Indlandi hefur í haldi ungt indverskt par sem hefur játað að hafa myrt sjö ættingja konunnar sem voru mótfallnir ástarsambandi hennar og mannsins.

Þarið mun hafa eittrað fyrir ættingjunum og kyrkt þá eftir að þeir misstu meðvitund. Foreldrar konunnar, bróðir og fjórir frændur fundust látnir á heimili fjölskyldunnar, 95 kílómetrum norðvestur af Nýju-Delí.

Maðurinn og konan hafa gefið þá skýringu að þau séu ástfangin en að fjölskylda konunnar hafi ekki viljað leyfa þeim að giftast þar sem þau tilheyra sama samfélagsþrepi, en strangtrúaðir hindúar leyfa ekki slík hjónabönd.



NIÐURSKURÐUR Á VELFERÐARVIÐI Kostnaður við fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur er álitinn bundinn vegna þess að fólk á rétt á slíkum greiðslum samkvæmt lögum að uppfylltum skilyrðum. Þar er hagræðing því í raun ekki í boði. FRÉTTABLAÐIÐ / PIJTUR

Hlýtur að vera misskilningur

Bundinn kostnaður upp á milljarða við fjárhagsaðstoð og bætur er ekki undanskilinn í niðurskurðaráætlun borgarstjóra fyrir rekstur Velferðarsviðs. Hlýtur að vera einhver misskilningur, segir formaður velferðarráðs.

REYKJAVÍK Velferðarsviði Reykjavíkurborgar er gert að skera niður rekstrarkostnað sinn um 5,76 prósent á þessu starfsári samkvæmt áætlun sem borgarstjóri lagði fram í borgarráði á fimmtudag. Bundinn kostnaður við fjárhagsaðstoð og leigubætur, sem áætlað er að verði um 3,2 milljarðar á árinu, er þar hins vegar ekki undanskilinn.

Þetta þýðir að Velferðarsviði er í raun krafði um meiri hagræðingu í sínum daglega rekstri en Leikskóla- og Mennta- og Menningar sviði, sem einnig eiga að skera niður um 5,76 prósent.

Jórunn Frímansdóttir, formaður velferðarráðs, segir að hún eigi eftir að fá í hendurnar rýningu á áætluninni frá fjármálastjóra sviðsins, en eins og áætlunin líti út núna hafi hún af henni nokkrar áhyggjur.

BUNDINN KOSTNAÐUR

Annars vegar er um að ræða leigubætur:
 ■ Húsaleigubætur - áætlaður kostnaður er um 1,2 milljarðar.

Hins vegar er fjárhagsaðstoð, sem skiptist í tvo meginflokka:
 ■ Framfærslustyrkur - veittur fólki 18 ára og eldra sem er tekjulaust eða hefur tekjur undir ákveðnum

viðmiðunarmörkum; 95.325 á mánuði fyrir einstakling og 152.520 fyrir hjón eða sambúðarfólk.

■ Heimildargreiðslur - veittar einstaklingum og fjölskyldum vegna sérstakra aðstæðna, meðal annars vegna félagslegs vanda og óvæntra áfalla.

Kostnaður við fjárhagsaðstoð er áætlaður um 2 milljarðar.

„Ég trúi því eiginlega ekki að það sé gerð krafa um hagræðingu í fjárhagsaðstoð, heimildargreiðslum og húsaleigubótum sem eru þættir sem við ráðum ekkert við,“ segir Jórunn.

„Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur. Það er engin hætta á því að ætlunin sé sú að sverfa svo nærri Velferðar-

sviði að við getum ekki veitt okkar lögbundnu þjónustu.“

Jórunn segir eðlilegt að gera kröfu um hagræðingu á Velferðarsviði eins og á öðrum sviðum en tæpast geti verið að Velferðarsviði eigi að skera niður meira en hin fjölskyldusviðin í sínum daglega rekstri.

Aukafundur verður haldinn í velferðarráði í dag og býst Jórunn við því að málið verði tekið þar fyrir og kallað eftir leiðréttingu.

Stella Kr. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs, segist eiga eftir að fara betur yfir málið og áætlanir sviðsins, meðal annars um fjárhagsaðstoð á þessu ári, en niðurskurðaráætlun borgarstjóra valdi henni þó ekki miklum áhyggjum hvað þetta varðar.

Hún bendir á að bótagreiðslur og fjárhagsaðstoð líti öðrum lögmafum en aðrir rekstrarliðir, að því leyti að umframfjárveitingum sé skilað aftur í borgarsjóð en þær ekki nýttar í annað, og að umframfjárbörf sé mætt af borgarsjóði lögum samkvæmt. Því sé ekki hætta á að sviðið geti ekki sinnt þessu hlutverki sínu vegna niðurskurðar.

stigur@frettabladid.is

Auður fyrir þig

Auður Capital veitir fjárfestingaþjónustu með áherslu á gagnsæi og áhættumeðvitund.

Við getum séð um séreignarsparnaðinn þinn

Velkomin á opna kynningu til okkar mánudaginn 21. sept. kl. 17:15, Borgartúni 29, 3. hæð.

audur.is - 585 6500

AUÐUR CAPITAL

Eignastýring - Fjárfestingar - Fyrirtækjaráðgjöf - Séreignarsparnaður

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur

PURRT AÐ MESTU SYÐRA

Loksins má greina sæmilega þurrkatíð í höfuðborginni og sunnan til á landinu í dag og á morgun. Skúrir verða hins vegar á Vestfjörðum og vestan til á Norðurlandi í dag og síðan á austanverðu Norðurlandi síðdegis eða í kvöld. Næturfrost verður víða um land aðfaranótt þriðjudags og miðvikudags.

Á MORGUN 3-8 m/s
 MIÐVIKUDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

Alicante	24°
Amsterdam	20°
Basel	21°
Berlin	23°
Billund	17°
Eindhoven	21°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	16°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	27°
London	18°
New York	23°
Orlando	32°
Osló	15°
Paris	24°
Róm	26°
Stokkhólmur	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegis.



Sígild gæði

Veglegur kaupauki*



Fyrirtækjaþjónusta Pennans býður upp á úrval HP vara, m.a. duft- og blekhyliki, ljósmyndapappír og prentara. Sölufulltrúar okkar veita vandaða ráðgjöf varðandi lausnir sem henta þínu fyrirtæki.

* Veglegur kaupauki sem kemur sér vel í starfsmannakaffinu. Þau fyrirtæki sem kaupa HP vörur fyrir 100.000 kr. eða meira fá glæsilega körfu, fulla af bakkelsi með kaffinu. Gildir til 15. október.



HP vörurnar eru seldar í gegnum Fyrirtækjaþjónustu Pennans, í Pennanum Hallarmúla 2 og Hafnarstræti 91-93 á Akureyri. Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í síma 540 2000 eða sendu fyrirspurn á netfangið fyrirspurn@penninn.is



Með þér í vinnunni

www.penninn.is



ERT ÞÚ ÁNÆGÐ(UR) MEÐ ÞJÓNUSTU ÍSLENSKRA FLUGFÉLAGA?

Já	53%
Nei	47%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Hefur einhvern tímann verið brottist inn á heimili þitt?

Segðu skoðun þína á visir.is.

Réttarhöld hefjast í máli Sarkozyz gegn fyrrverandi forsætisráðherra:

Fyrrverandi samherjar deila

FRANKLAND, AP Í Frakklandi hefjast í dag réttarhöld í máli Nicolas Sarkozyz Frakklandsforseta gegn Dominique de Villepin, fyrrverandi forsætisráðherra.

Sarkozy sakar de Villepin um að hafa breitt út gróusögur um sig til að draga úr möguleikum sínum til að sigra de Villepin í forsetakosningum árið 2007.

Upphaf málsins má rekja aftur til 2004, þegar bæði Sarkozy og de Villepin höfðu sýnt áhuga á að taka við af Jacques Chirac forseta. Sarkozy var þá innanríkisráðherra í ríkisstjórn de Villepin, en þeir eru flokksbræður í UMP, stærsta flokki franskra hægrimanna.



SARCOZY OG DE VILLEPIN Á franska þinginu árið 2006 þegar Sarkozy var innanríkisráðherra en de Villepin forsætisráðherra.

Nafn Sarkozyz kom fram á lista yfir valdamikla stjórnmála- og

viðskiptamenn, sem talið var að hefðu meðal annars þegið mútur fyrir að hafa selt herskip til Taívans árið 1991.

De Villepin ákvað að láta rannsaka málið, en skömmu síðar kom í ljós að listinn var falsaður. Dómsmálið snýst um það hvenær de Villepin komst að því að listinn var falsaður.

De Villepin segist í einu og öllu hafa farið rétt að og sakar Sarkozy um að vera með málið á heil anum.

Verði de Villepin fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi og sekt upp á 375 þúsund evrur.

Tveir látnir eftir hópmeðferð:

Læknir byrjaði eitri í meðferð

BERLÍN, AP Þýskur læknir er í haldi lögreglu í Berlín eftir að tveir þátttakendur í hópmeðferð sem hann leiddi létu lífið og flytja þurfti tíu á sjúkrahús.

Meðferðinni var ætlað að lækna þátttakendur af andlegum kvillum en læknirinn hefur viðurkennt að hafa gefið þeim ýmis lyf meðan á henni stóð.

Ekki er ljóst hvort um ólögleg lyf hafi verið að ræða en óstaðfestar heimildir herma að hann hafi gert tilraunir með sveppi og lyf í því skyni að hafa áhrif á undir meðvitund fólks. Þegar þátttakendur voru farnir að kasta upp kallaði einn þeirra til lögreglu. - ve



SEAWAY-BRÚIN Frumbyggjar á eyjunni Cornwall eru ósáttir við framgöngu kanadískra landamæravarða.

NORDICPHOTOS/AFP

Frumbyggjadeilur í Kanada:

Brúnni til Cornwall lokað

BANDARÍKIN, AP Seaway-brúnni, sem tengir saman New York-ríki við kanadíska eyjuna Cornwall, var skyndilega lokað á laugar dag. Ástæðan er aukin spenna sem hlaupin er í langvarandi deilur milli kanadíska landamæravörslunnar og frumbyggja sem búa í eyjunni. Ekki er þó vitað hver stóð að lokuninni.

Brúnni var lokað degi eftir að móhíkanaráðið Akwesasne sakaði kanadíska landamæraverði um að gera frumbyggjum á leið til eyjunnar lífið leit. Þeir segja þá hafa gert farartæki þeirra upptæk og sektað þá sem ekki gerðu vart við sig eftir komuna frá Bandaríkjunum.

Fjármálaráðherra Svía: Norðurlöndin varla í G20-hóp

SVÍÐJÓÐ, AP Anders Borg, fjármálaráðherra Svíþjóðar, segir ólíklegt að fjórar Norðurlandabjóðir verði teknar inn í G20-ríkjahópinn sem ein heild.



ANDERS BORG

„Við höfum átt mjög góðar viðræður við Norðmenn, Dani og Finna, en möguleikana verður að meta af raunsæi,“ sagði Borg.

„Áhugi G20-ríkjanna á stækkun er mjög takmarkaður, og þá sérstaklega á því að bæta Norðurlöndunum í hópinn.“ Það var Jonas Gahr-Støre, utanríkisráðherra Noregs, sem stakk upp á því nýverið í bréfi til starfsbræðra sinna í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, að löndin fjögur gætu sameiginlega gengið til liðs við G20-ríkjahópinn.

Rannsóknir benda til að tvö til þrjú prósent unglunga glími við vanda vegna peningaspila. Unglingsdrengrir eru sérstaklega í hættu vegna áhættusækni. Þráðlausar háhraðatengingar gætu aukið enn á vandann.

FÉLAGSMÁL Talið er að tvö til þrjú prósent unglunga á aldrinum þrettán til átján ára hér á landi glími við spilafíkn. Mun fleiri drengir en stúlkur eiga í hlut innan hvers árgangs. Hugmyndir um stofnun rannsókn- og meðferðarstofu vegna spilafíknar hafa verið settar fram og forsvarsmenn happdrætta hérlendis hafa tekið vel í hugmyndir um að taka þátt í kostnaði.

Daníel Þór Ólason, dósent við sálfræðideild Háskóla Íslands, hefur ásamt samstarfsfólki sínu gert nokkrar rannsóknir á spilafíkn á Íslandi, bæði meðal fullorðinna og unglunga. Í ljós hefur komið að á bilinu 0,3-0,5 prósent fullorðinna glímir líklega við spilafíkn og tvö til þrjú prósent unglunga. Þetta eru áþekkar tölur og fengist hafa annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu.

„Já, þetta er töluvert stór hópur og ekki má gleyma því að þetta eru fyrst og fremst drengir. Þeir sækja frekar í þetta og eru tilbúnir að taka áhættu í ýmsu,“ segir Daníel. „Rannsóknirnar sýna misjafnar niðurstöður en þetta hefur farið allt undir fimm prósent.“

Daníel segir að það sem vekir sérstaka athygli nú um stundir eru breytingar á aðgengi unglunga til að spila fjárhættuspil á netinu. Ásóknin hafi greinilega aukist. Árin 2003 og 2004 spiluðu um tvö prósent unglunga á netinu en á árunum 2006 og 2007 sögðust rúmlega tuttugu prósent unglunga hafa spilað peningaspil á netinu. „Breytingarnar eru ekki þær að heimilum fjölgi sem hafa aðgang heldur hefur háhraðatengingum fjölgað að mun. Tengingin er ekki aðeins hraðari heldur er hún líka þráðlaus þannig að unglungurinn getur spilað hvar sem er, án þess að nokkur viti af því.“

Spilafíklar eru hópur sem ekki er nægilega sinnt hér á landi að mati Daníels en hann lagði fram hugmyndir um stofnun rannsókn- og meðferðarstofu í spilafíkn fyrir nokkrum árum. „Hlutverk hennar yrði að sinna rannsóknum, meðferð og forvörnnum á sviði spilafíknar,“ segir Daníel. „Það hafa margir hug á því að koma að slíku verkefni. Þeir sem koma



PENINGASPIL Í boði hérlendis eru allar tegundir fjárhættuspila nema hefðbundin fjárhættuspil í spilavítum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSÁ

að rekstri happdrætta vilja að þetta komist í fastar skorður. Hugmyndin er sú að happdrættin greiði hluta af hagnaði í sjóð sem nota ætti til að fjármagna rannsóknir, meðferð og forvarnastarf og forsvarsmenn hafa tekið vel í slíkt.“

Fastanefnd dómsmálaráðuneytisins um happdrættismál hefur haft stofnun slíkrar meðferðarstofu til athugunar um nokkurn tíma. Daníel Þór veit ekki til þess að sú vinna hafi skilað málinu áfram.

svavar@frettabladid.is

Verðbréfamíðlarar víða um heim gætu þurft að óttast um störf sín:

Tölvurnar sjá um verðbréfaviðskiptin

DANMÖRK Verðbréfamíðlarar hafa undanfarin ár í æ meiri mæli notað tölvutæknina til að auðvelda sér störf sín. Nú er hins vegar svo komið að tölvurnar eru farnar að geta séð að stórum hluta um störf verðbréfamíðlara.

Í Bandaríkjunum sjá tölvur nú þegar um helming allra verðbréfaviðskipta, að því er dansk dagblaðið Politiken skýrir frá. Í Danmörku er þetta hlutfall komið upp í fimmtán prósent, og fer vaxandi.

„Stærstu aðilarnir á markaðnum eru ekki lengur bankamenn, heldur reikniamiðlarar, sem nota tölvur til að sjá um viðskiptin fyrir sig,“ hefur Politiken eftir Björn Sibbern, framkvæmdastjóra í Nasdaq OMX-kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Hann telur að á næstu árum

muni mannshöndin hvergi koma nærri helmingi allra verðbréfaviðskipta í Danmörku, enda séu tölvurnar oft sneggrar til enn mannhugurinn að greina hagstæð kaup- og sölufærni.

Sibbern segir þó óþarft fyrir verðbréfamíðlara af holdi og blóði að óttast um sinn hag. Þvert á móti geti þessi þróun komið þeim vel því tölvutæknin fjölgi viðskiptum á markaðnum og um leið opnist ný tækifæri fyrir mannlega þáttinn.

Hann segist heldur ekki hafa áhyggjur af því að vélrænu viðskiptin fari úr böndunum og komi af stað nýjum og æ ískyggilegri krepnum.

VERÐBRÉFAMIÐLARI AÐ STÖRFUM Tölvutækninni fleygir fram og tekur við.

NORDICPHOTOS/AFP



Tækifæri

Aðeins í örfáa daga
20-40% afsláttur
af sýningarvörum


Eitt líf njótum þess




Stillanleg rúm




Teppi og púðar



Lyftstólar



Lúxus sængurverasett




Tempur heilsukoddar



Tempur heilsudýnur



Hollandia stillanleg rúm



Heilsudýnur og gaðar



Dúnsængur og koddar

Fyrstir koma - fyrstir fá

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16





1. Hvaða skæða sniglateygund hefur verið að nema land á undanföllum árum?
 2. Í hvaða landi komu sömu lottótölur upp tvær vikur í röð?
 3. Hvaða lið vann 1. deild karla í knattspyrnu?
- SVÖRIN ERU Á Síðu 26



PANDA Sextíu pöndur voru fluttar frá ræktunarstöð í Sichuan-héraði eftir jarðskjálftann í fyrra.

Uppbygging í Sichuan-héraði: Pöndurnar snúa aftur 2012

KÍNA, AP Sextíu pöndur sem flytja þurfti burt frá ræktunarstöð í Sichuan-héraði í Suðvestur-Kína eftir jarðskjálftann sem reið þar yfir í maí 2008 munu snúa aftur til síns heima árið 2012, en þá er gert ráð fyrir að viðgerðum á stöðinni verði lokið.

Stöðin, sem er í Wolong-fríöndinu, skemmdist mikið í skjálftanum sem mældist 7,9 á Richter og er áætlað að viðgerðirnar muni kosta á sjöunda milljarð króna. Fyrr skjálftann voru 63 pöndur í stöðinni en ein lét lífið, önnur týndist og sú þriðja lést vegna veikinda.

Hinar sextíu dvelja nú í dýragörðum í Kína. Um 1590 villtar pöndur eru í Kína og þá aðallega í Sichuan og Shaaxi. 180 pöndur dvelja á ræktunarstöðvum þar sem reynt er að fá þær til að fjölga sér.

Heimskreppan, loftslagsmál og Mið-Austurlönd á dagskrá Bandaríkjaforseta: Annasöm vika fram undan

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar á morgun að hitta bæði Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, og Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels.

Tilgangur fundarins er að reyna að blása nýju lífi í friðarviðræður Ísraels og Palestínumanna. Þótt leitnið sé að lausn á deilu þeirra sé eitt af erfiðustu verkefnum forsetans á erlendum vettvangi, þá biða hans ekki síður mikilvæg verkefni nú í vikunni, sem verður mjög annasöm fyrir forsetann.

Á morgun ávarpar hann loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í höf-

uðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, og þarf þar bæði að sýna fram á að Bandaríkjunum sé full alvara með að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sannfæra önnur ríki um að leggja sitt af mörkum í þeirri baráttu.

Á miðvikudaginn flytur hann síðan fyrstu ræðu sína á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York, þar sem meðal annars afvopnunarmál og hugsanleg hætta af kjarnorkubrölti Írans og Norður-Kóreu verða til umræðu.

Á fimmtudag er það svo heimskreppan, sem rædd verður á leiðtogafundi G20-ríkjahópsins í Pittsburgh í Bandaríkjunum.



BARACK OBAMA Hefur í nógu að snúast í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ding Xiaoping handtekinn: Kínverskir stúdentar mótmæla

KÍNA, AP Nærri hundrað háskólanemar söfnuðust saman fyrir framan lögreglustöð í Peking í gær og kröfðust þess að lektorinn Ding Xiaoping, sem stóð fyrir mótmælum lýðræðisinnna á Torgi hins himneska friðar árið 1989, yrði látinn laus. Nemendurnir héldu því fram að honum væri haldið fongnum án dóms og laga.

Xiaoping var handtekinn á laugardag og byrjuðu mótmælin um leið og það spurðist út. Yo Zhiwei, einn mótmælendanna, sagði að verið væri að taka Xiaoping úr umferð fyrir afmælishátíð kommúnistaflokksins 1. október næstkomandi.

Barentshafið fullt af þorski

Barentshafið er fullt af þorski og ýsu þrátt fyrir að veiði á þessum tegundum hafi farið fram úr ráðgjöf. Hrygningarstofn þorsks er talinn sá stærsti í rúm sextíu ár. Deilt er um ástæður þessarar fiskgengdar.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Bráðabirgðaniðurstöður úr rannsóknum Norðmanna og Rússa í Barentshafi sýna að stofnar þorsks og ýsu eru í afar góðu ástandi. Þessar niðurstöður vekja athygli þar sem veiðin undanfarinn áratug hefur verið langt umfram ráðgjöf Alþjóðahafannsóknastofnunarinnar (ICES). Fiskifræðingar eru ekki sammála um hvort Íslendingar geti lært af þessari þróun í Barentshafinu.

Mesta athygli vekur stór þorskstofn en hrygningarstofninn er áætlaður um milljón tonn og hefur því vaxið um 300 prósent frá stofnmáti frá síðustu aldarmótum. Hefur þorskstofninn í Barentshafi ekki verið jafn stór frá árinu 1948, ef þessar nýjustu mælingar reynast réttar.

Útgefnir heildarkvótar Norðmanna og Rússa í Barentshafi hafa um árabíl verið mun hærrí en ICES hefur ráðlagt. Er þá ótalið að Rússar hafa útgefna kvóta að engu og veiða á hverju ári 100 til 200 þúsund tonnum meira af þorski úr Barentshafi en fellur þeim í skaut við úthlutun. Þetta hefur norska fiskistofan viðurkennt opinberlega.

Heildarþorskkvóti í Barentshafi í ár er 546 þúsund tonn sem var tuttugu prósent aukning frá



Í AÐGERÐ Þorskveiði á Íslandsmiðum verður aðeins fimmtungur þess sem verður í Barentshafinu árið 2011 ef af líkum lætur.

fyrri ári. Útlit er fyrir að sá kvóti verði aukinn um 50 þúsund tonn á næsta ári og verði kominn í 630

þúsund tonn árið 2011. Jón Kristjánsson fiskifræðingur hefur lengi haldið því fram að

Íslandsmið þoli meiri veiði. „Það er athyglisvert hvað fiskstofnar standa vel, sérstaklega þorskurinn. Opinberar tölur segja að veiði umfram ráðgjöf sé mörg hundruð þúsund tonn og sennilega er það vanáætlað því enginn veit með vissu hvað Rússarnir veiða. Ég hef alla tíð haldið því fram að það þyrfti að veiða mikið til að halda uppi vexti og koma í veg fyrir að þorskurinn éti sig sjálfur út á gaddinn.“

Jón segist ekki vera í aðstöðu til að meta hvort mikilli veiði sé að þakka að ástandið er svo gott í Barentshafi eins og raun ber vitni. „Ég tel þó víst að hún hefur síður en svo skemmt fyrir og því er grátlegt að horfa upp á að stjórnvöld hér heima skuli fara blint eftir ICES og Hafró, og þora ekki að bæta við einu einasta tonni, nú þegar þörfin er mest.“

Í ræðu og riti hafa sérfræðingar efast um gildi þess að horfa til Barentshafsins þegar færð eru rök fyrir að aukin veiði hér gæti skilað sama árangri. Barentshafið sé að mörgu leyti ólíkt og sveiflur þar enn meiri en hér. Það sem bæði hafsvæðin eiga þó sameiginlegt er mikil hlýnun, sem Norðmenn þakka vöxt þorskstofsins undanfarin ár.

ÓDÝRT ALLA DAGA!

1944 réttur og pepsí

33 cl Pepsi dós fylgir fritt með

1944 réttur og 33 cl Pepsi dós

alltaf í leiðinni!



DANSað UTAN DYRA Rueda de Casino kallast kúbverski þjóddansinn sem stígninn er á Miklatúni á hverju miðvikudagskvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dansa þjóðdans undir berum himni

ÚTIVIST „Það er rosalega skemmtilegt að dansa svona undir berum himni. Þannig fáum við ferskt loft og holla útivist um leið og við döns-um,“ segir Jóhanna Harpa Agnarsdóttir. Jóhanna er ein af þeim sem hefur í sumar og síðasta sumar stígið dans á Miklatúni á hverju miðvikudagskvöldi.

Dansinn sem stígninn er kallast Rueda de Casino og er kúbverskur þjóddans. Þar dansa þörin í hring og herrarnir skipta reglulega um dómur. „Venjan er að dansað sé úti frá maí og fram í október, en á veturna dönsuð við á kaffihús-

um. Venjulega mæta milli fimm og tíu þör, en það er breytilegt. Allir eru velkomnir, en nauðsynlegt er að viðkomandi býi yfir lágmarks færni í salsa-dansi,“ segir Jóhanna.

Jóhanna æfir dans hjá Salsa Iceland eins og flestir þeirra sem dansa á Miklatúni. Hún segir mikla dansvakningu hafa átt sér stað að undanfögnu. „Ég veit ekki hvort þetta tengist tíðarandanum. Þessu fylgir auðvitað mikið félagslíf, sem margir sækja í.“

Jóhanna gerir ráð fyrir að dansað verði á túninu út mánuðinn. - kg

100%
fjármagnsvernd –
örugg ávöxtun.

*Við þössum
– rétt eins
upp á peningana þína
og þeir væru okkar.*



Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að fjárfestingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.


Nánari upplýsingar um 100% örugga fjárfestingu er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.


SPARNADUR
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VER | SICHER | UNGS
KAMMER
BAYERN

 Finanzgruppe



FORSETAFRÚ Á MARKAÐ Michelle Obama, eiginkona Baracks Obama Bandaríkjaforseta, leit við á matvæla-markaði í Washington fyrir helgi og keypti ferskt grænmeti. NORDICPHOTOS/AFP



RIKISÚTVARPIÐ Útvarphúsið Efstaleiti.

Skoðanakönnun:

Flestir treysta fréttastofu RÚV

KÖNNUN Um 75 prósent aðspurðra segjast bera mikið traust til fréttastofu RÚV samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR. Um 37 prósent segjast bera mikið traust til fréttastofu Stöðvar 2.

Morgunblaðið nýtur mests trausts meðal dagblaða en um 58 prósent svarenda segjast bera mikið traust til blaðsins. Fréttablaðið nýtur mikils trausts meðal um 38 prósent svarenda. Meðal netfréttamiðla nýtur Mbl.is mests trausts, en tæp 60 prósent segjast bera mikið traust til Mbl.is. Tæp 27 prósent segjast bera mikið traust til Vísir.is.

Könnunin var gerð 9. til 14. september. Hringt var í 909 einstaklinga og tóku 97,4 prósent þeirra afstöðu.

STJÓRN MÁL

Nýr formaður UVG

Snærós Sindradóttir var kjörin formaður Ungra vinstri grænna á höfuðborgarsvæðinu á aðalfundi um helgina. Hún tekur við af Brynju Halldórsdóttur.

Færeyskir karlmenn á þingi fá ekki greidd laun í fæðingarorlofi, ólíkt þingkonum:

Færeyska þingið fyrir dómstóla

FÆREYJAR Þingmaður Sjálfstýr- isflokkssins, Kári á Rógvi, hefur stefnt vinnustað sínum, færeyska Lögþinginu, og krefst þess að það fari eftir jafnréttislöfum.

Kári eignaðist son í nóvember í fyrra og fór í fjögurra vikna launalaust fæðingarorlof. Færeyskar þingkonur fá hins vegar barnburðarleyfi sitt greitt. Kári fer fram á fimmtíu þúsund krónur danskar, eða um 1,2 milljónir íslenskra króna, í skaðabætur, með vöxtum.

Færeysku jafnréttislögin áttu að styrkja stöðu kvenna og banna mismunum út frá kyni. En samkvæmt eldri löggjöf um opinbera

starfsmenn, sem starfskjör þingmanna byggja á, hafa konur annan og betri rétt til fæðingarorlofs en karlar.

Færeyska jafnréttisnefndin gleðst yfir því að spurningin um rétt karla til fæðingarorlofs fari nú fyrir dóm.

Kristianna Winter Poulsen, formaður nefndarinnar, segir í viðtali við færeyska ríkisútvarpið að nefndin hafi einmitt fengið margar fyrirsurnir um þennan mun á rétti karla og kvenna.

Þess má geta að Kári á Rógvi lauk doktorsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands.

- kóp



PÓRSHÖFN Þingmaður í Sjálfstýr- isflokknum hefur stefnt færeyska Lögþinginu.

Erill hjá lögreglu:

Dyraverði ógnað með skrúfjárn

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í miðborg Reykjavíkur í fyrrinótt eftir að hafa ógnað dyraverði með skrúfjárn. Mennirnir voru færðir í fangageymslur lögreglunnar. Þá leitaði maður sér aðstoðar vegna fótbrots eftir að hafa orðið fyrir líkamsárás. Árásarmaður er talinn hafa verið einn að verki.

Þrír ungir piltar brutu rúðu í Seljaskóla. Íbúi í hverfinu tilkynnti lögreglu um ferðir piltanna. Þegar lögreglan kom á vettvang hróðuðu piltarnir sér á brott á hlaupum, tveir komust undan en lögreglan náði þeim þriðja. Hann fékk tital og var svo sleppt.

Innheimtu ólöglegt gjald á sjúkrahótelinu Rauðarárstíg

Engar lagalegar forsendur eru til að láta gesti á sjúkrahótelinu greiða gjald. Umboðsmaður Alþingis segir þess utan engar forsendur til að láta ósjúkratrýggða greiða hótelinu hærra gjald en þá sem eru sjúkratrýggðir.

STJÓRNÝSLA Umboðsmaður Alþingis segir óheimilt að taka gjald af gestum sem gista á sjúkrahótelinu á Rauðarárstíg. Líka sé ólöglegt að láta ósjúkratrýggða greiða hærra gjald en sjúkratrýggða.

Landspítalinn samdi í desember 2004 við Fosshótel ehf. um rekstur sjúkrahótelis á Rauðarárstíg 18. Áætlaður rekstrarkostnaður var tæpar 107 milljónir króna á ári og var þá miðað við að fjöldi gistinguáttu yrði 15.190. Auk þess sem Landspítalinn greiddi Fosshótelum fasta upphæð var samið um að hótelinu gæti tekið 800 króna gjald af sjúklingum fyrir hverja gistingu- og aðstandendur þeirra myndu greiða 2.500 krónur en að 5.000 króna gjald yrði tekið af ósjúkratrýggðum – sem yfirleitt eru erlendir ríkisborgarar.

Maður sem gisti á sjúkrahótelinu eftir bílslys kvartaði til umboðsmanns Alþingis yfir því að vera krafinn um greiðslu fyrir dvölinu.

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

ACUVUE®
BRAND CONTACT LENSES
Johnson & Johnson

1•DAY ACUVUE® MOIST®

Viðhalda raka augnanna og veita þægindi sem endast allan daginn.



- **Þægindin endast.** Viðhalda raka augnanna og þægindin endast allan daginn. Minni hætta á þurrki í augum.
- **UV geislavörn:** Hjálpa til við að vernda augun fyrir UV-A og UV-B útfjólubláum geislum. UV vörn fyrir augun*
- **Hentugleiki/Þægindi:** Á hverjum degi er notað nýtt og ferskt linsupar, sem gerir linsunotkunina einfalda og þægilega.

*UV verndandi augnlinsur koma ekki í staðinn fyrir sólgleraugu þar sem þær hjúja ekki allt augnsvæðið. ACUVUE® og MOIST® er skrásett vörumerki Johnson & Johnson Vision Care, J.JVC 2009.



Grímsævintýri í Fjarðarkaupum

21. - 25. september

úr
fiskborði



Ostafylltar smábollar

20% afsláttur
1.038,kr./kg.
ÁÐUR 1.298,kr./kg.

20%
afsláttur



úr
fiskborði

Plokkfiskur

878,kr./kg.
ÁÐUR 1.098,kr./kg.

20%
afsláttur



Gríms fiskibollar 550g

373,kr./pk.
ÁÐUR 498,kr./pk.

Gríms plokkfiskur 400g

440,kr./pk.
ÁÐUR 587,kr./pk.

Gríms fiskibuff

881,kr./kg
ÁÐUR 1.101,kr./kg

20%
afsláttur



Gríms humarsúpa 500ml

535,kr./dósin
ÁÐUR 669,kr./dósin

úr
fiskborði

20%
afsláttur

Broccoli ýsa

878,kr./pk.
ÁÐUR 1.098,kr./pk.



Fræið
FJARÐARKAUP

Grænmetisbuff
fullelðuð vara, þarf aðeins að bita upp

NYTT

AN MSG

Grænmetisbuff 3 teg.

498,kr./pk.
ÁÐUR 624,kr./pk.

50 HAGKAUP
árin fyrir Íslendinga 150 ár



FANGAVAKTIN

HEFST Á SUNNUDAGINN



ÞU SITUR INNI
Í ALLAN VETUR!


skemmtilegri

ÞAD ER
ÖDYRARA
AD SKEMMTA SÉR HEIMA





HLÁTUR OG GRÁTUR Varamaðurinn Michael Owen tryggði United dramatískan 4-3 sigur gegn City með marki á sjöttu mínútu uppbótartíma. City-menn höfðu áður jafnað leikinn á lokamínútu venjulegs leiktíma.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Manchester United og Chelsea unnu borgarslagina í ensku úrvalsdeildinni:

Owen tryggði United sigurinn

FÓTBOLTI Það vantaði ekki dramatíkuna í borgarslag Manchester United og Manchester City þar sem Michael Owen skoraði sigurmarkið í ótrúlegum sjö marka rússíbanaleik á sjöttu mínútu uppbótartíma.

Wayne Rooney kom United yfir strax á 2. mínútu en Gareth Barry jafnaði fyrir City á 16. mínútu og staðan í hálfleik var 1-1. United byrjaði seinni hálfleikinn af sama krafti og þann fyrri þegar Darren Fletcher kom heimamönnum yfir með skallamarki. Craig Bellamy jafnaði hins vegar stuttu síðar með glæsilegu marki efst í markhornið. United fór þá að herða tók sín á

leiknum og Fletcher skoraði aftur með skalla þegar tíu mínútur lifðu leiks og United í kjörstöðu. Bellamy var hins vegar ekki búinn að gefast upp og jafnaði leikinn aftur á lokamínútu venjulegs leiktíma og allt ætlaði um koll að keyra. Það var þó enn tími fyrir sigurmarkið því á sjöttu mínútu uppbótartíma var varamaðurinn Michael Owen réttur maður á réttum stað og skoraði sigurmarkið.

„Þetta var eflaust besti derby-leikur allra tíma. Það er enginn betri í að klára færin en Michael Owen. Það er einfaldlega þannig,“ sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnstjóri United, ánægður í

leikslok. Kollegi hans hjá City var eðlilega ekki jafn hress.

„Ég veit ekki af hverju sjö mínútum var bætt við leiktímann. Við erum því sársvektir með hverjum þetta fór,“ sagði Mark Hughes.

Tottenham var engin fyrirstaða fyrir Chelsea á Brúnni en heimamenn unnu öruggan 3-0 sigur. Ashley Cole, Michael Ballack og Didier Drogba skoruðu mörkin og knattspyrnstjóriinn Carlo Ancelotti hrósaði leikmönnum sínum.

„Þú vinnur Tottenham ekki 3-0 nema að leikmenn þínir séu að spila mjög vel. Við þurfum að halda áfram á sömu braut,“ sagði Ancelotti.

- óþ

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Man. United-Man. City	4-3
1-0 Wayne Rooney (2.), 1-1 Gareth Barry (16.), 2-1 Darren Fletcher (49.), 2-2 Craig Bellamy (52.), 3-2 Fletcher (80.), 3-3 Bellamy (90.), 4-3 Michael Owen (90.+6).	
Chelsea-Tottenham	3-0
1-0 Ashley Cole (32.), 2-0 Michael Ballack (58.), 3-0 Didier Drogba (63.).	
Wolves-Fulham	2-1
1-0 Kevin Doyle (18.), 2-0 David Edwards (50.), 2-1 Danny Murphy (66.).	
Everton-Blackburn	3-0
1-0 Louis Saha (22.), 2-0 Saha (54.), 3-0 Joseph Yobo (58.).	
Burnley-Sunderland	3-1
1-0 Graham Alexander (13.), 1-1 Darren Bent (39.), 2-1 David Nugent (67.), 3-1 David Nugent (86.).	
Arsenal-Wigan	4-0
1-0 Thomas Vermaelen (25.), 2-0 Thomas Vermaelen (49.), 3-0 Eduardo Da Silva (59.), 4-0 Cesc Fabregas (90.).	
Aston Villa-Portsmouth	2-0
1-0 James Milner (34.), 2-0 Gabriel Agbonlahor (43.). Hermann Hreiðarsson var ekki í leikmannahópi Portsmouth.	
Bolton-Stoke	1-1
0-1 Dave Kitson (53.), 1-1 Matt Taylor (89.). Grétar Rafn Steinnsson lék fyrri hálfleikinn með Bolton.	
Hull-Birmingham	0-1
0-1 Garry O'Connor (75.).	
West Ham-Liverpool	2-3
0-1 Fernando Torres (20.), 1-1 Alessandro Diamanti (29.), 1-2 Dirk Kuyt (41.), 2-2 Carlton Cole (45.), 2-3 Fernando Torres (75.).	

STADAN Í DEILDINN

1. Chelsea	6	6	0	0	15-3	18
2. Man. Utd	6	5	0	1	15-6	15
3. Liverpool	6	4	0	2	16-9	12
4. Aston Villa	5	4	0	1	8-3	12
5. Man. City	5	4	0	1	11-6	12
6. Tottenham	6	4	0	2	12-10	12
7. Arsenal	5	3	0	2	17-8	9
8. Sunderland	6	3	0	3	9-9	9
9. Burnley	6	3	0	3	5-10	9
10. Stoke	6	2	2	2	5-7	8
11. Birmingh.	6	2	1	3	3-4	7
12. Wolves	6	2	1	3	5-8	7
13. Everton	5	2	0	3	7-10	6
14. Fulham	5	2	0	3	4-7	6
15. Wigan	6	2	0	4	4-12	6
16. West Ham	5	1	1	3	5-6	4
17. Bolton	5	1	1	3	6-8	4
18. Blackburn	5	1	1	3	4-8	4
19. Hull	6	1	1	4	5-13	4
20. Portsm.	6	0	0	6	3-12	0

Spænski boltinn

Real Madrid-Xerez	5-0
1-0 Cristiano Ronaldo (1.), 2-0 Ronaldo (75.), 3-0 Guti (78.), 4-0 Karim Benzema (82.), 5-0 Ruud van Nistelrooy (89.).	
Valencia-Sporting Gijon	2-2
Barcelona-Atletico Madrid	5-2
1-0 Zlatan Ibrahimovic (2.), 2-0 Lionel Messi (16.), 3-0 Daniel Alves (31.), 4-0 Seydou Keita (42.), 4-1 Sergio Aguero (45.), 4-2 Diego Forlan (84.), 5-2 Lionel Messi (90.).	
Athletic Bilbao-Villarreal	3-2
Osasuna-Sevilla	0-2
Deportivo La Coruna-Espanyol	2-3
Real Mallorca-Tenerife	4-0
Malaga-Racing Santander	1-2
Almeria-Getafe	1-0
Real Zaragoza-Real Valladolid	1-2

Ítalski boltinn

AC Milan-Bologna	1-0
1-0 Clarence Seedorf (75.).	
Cagliari-Inter	1-2
1-0 Jeda(16.), 1-1 og 1-2 Diego Milito(51., 55.).	
Roma-Fiorentina	3-1
Juventus-Livorno	2-0
Catania-Lazio	1-1
Napoli-Udinese	0-0
Bari-Atalanta	4-1
Chievo-Genoa	3-1
Parma-Palermo	1-0
Sampdoria-Siena	4-1

Franski boltinn

Nice-Mónakó	1-3
0-1 Nene (11.), 0-2 Alejandro Alonso (12.), 1-2 Loic Remy (41.), 1-3 Alejandro Alonso (70.).	
Eiður Smári lék fyrri hálfleikinn með Mónakó.	

VITA – Ný ferðaskrifstofa á traustum grunni

Ferðir með VITA sport á Old Trafford

Enski boltinn

haustið 2009

Þökkum frábærar viðtökur!

Örfá sæti laus fram að áramótum

Lúðvík, Silja og Guðný hafa áralanga reynslu af skipulagningu á íþrótt- og tónlistarferðum hjá Úrvali-Útsýn. Þau eru nú komin til starfa hjá VITA sport og bjóða viðskiptavinum VITA fjölbreyttar íþróttferðir fyrir einstaklinga og hópa, æfinga- og keppnisferðir í öllum helstu greinum, göngu- og hjólaferðir og ferðir til virtra knattspyrnskóla.

GULLIÐ TÆKIFÆRI TIL AÐ KOMAST Á LEIKINN!

Tryggið ykkur sæti í tíma á draumaleikinn.

Nánari upplýsingar og bókanir: tonsport@vita.is

Ferðir á leiki Manchester United á Old Trafford:

Man.Utd - Sunderland	2. okt. - 5. okt.
	örfá sæti laus
Man.Utd - Bolton	16. okt. - 19. okt.
	örfá sæti laus
Man.Utd - Blackburn	30. okt. - 2. nóv.
Man.Utd - Everton	20. nóv. - 23. nóv.
	uppselt
Man.Utd - A.Villa	11. des. - 14. des.

Verðdæmi

Manchester (allar ferðirnar)

Verð: 81.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði í tvíþýli, miði á leikinn, akstur til og frá flugvelli erlendis.
* Verð án Vildarpunkta: kr. 91.900 kr.

Beint flug með Icelandair. Hægt að greiða með Vildarpunktum.

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | www.VITA.is

> Jay Leno

„Pólítík er skemmtanabransi fyrir ljótt fólk.“

Leno mætir með nýjan þátt sem Skjár einn sýnir mánudags- til fimmtu-dagskvöld. Fyrsti þátturinn er í kvöld kl. 22.40.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURDARDÓTTIR SÉR EFTIR AÐ HAFA TRÚAÐ Á NÝJA TÍMA

Ég hefði átt að hlusta á pabba

Pegar kosningarnar náguðust í vor stóð ég í sömu sporum og margir aðrir. Ég vissi ekkert hvað ég átti að kjósa og allir kostir virtust jafn slæmir. Svo fór ég að gæla við þá hugmynd að greiða Borgarahreyfingunni nýju mitt atkvæði. Ég viðraði þessa hugmynd við hann pabba minn, sem fussaði og sveiaði. Ef við byggjum við almennilegt feðravelði hefði hann örugglega bannað mér að kjósa Borgarana. Í staðinn lét hann sér nægja að segja: „Já, hentu atkvæðinu þínu ef þú vilt,“ með djúpri vanþóknun.

En eftir því sem ég velti atkvæðinu betur fyrir mér fannst mér hugmyndin betri. Ekki af því ég væri svo agalega hrifin af þeim Birgittu, Práni og félögum. Mér fannst satt að segja ekki stafa af þeim neinn sérstakur kjörþokki. En það var einmitt það sem lokkaði. Þetta var bara venjulegt fólk (eða hvað?). Þau töluðu ekki í gömlum frósum, gengu ekki í réttu fótunum og fóru ekki eftir leikreglunum. Og ég



trúði því virkilega að þau hefðu ekkert æðra markmið en að redda mállunum. Ég vissi að þau myndu ekki skipta sköpum í „endurreisninni“ en ég trúði því að þau myndu reyna. Svo kom að kjördegi og ég setti x-ið við o. Tók meira að segja mynd af atkvæðinu mínu. Ég ætlaði að hafa hana í fjölskyldubúminu og sýna barnabörnunum mínum hana. „Það var þarna sem tímarnir breyttust, krakkar mínir,“ hefði ég sagt, stolt af því að hafa tekið þátt í því að breyta Íslandi.

Nokkrum mánuðum seinna er ég ekki alveg eins stolt og ég bjóst við að vera. Það er mér að kenna að fólk þarf nú að hlusta á fréttir um bakstungur og rífrildi félaga Borgarahreyfingarinnar í öðrum hverjum fréttatíma. Í takt við hið nýja Ísland – sem ég er enn að biða eftir að komi – axla ég mína klisjukenndu ábyrgð og biðst afsökunar. En verst er að pabbi hafi haft rétt fyrir sér.

MÁNUDAGUR



▶ 17.30 E.R. STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.00 Grilled STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.55 Big Love STÖÐ 2



▶ 21.00 Bachelorette SKJÁREINN



▶ 21.15 Glæpahneigð SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
 17.20 Táknmálsfréttir
 17.30 Sammi (40:52)
 17.37 Pálína (2:28)
 17.42 Skellibær (2:26)
 17.55 Útsvar (Norðurþing - Reykjanesbær) (e)
 19.00 Fréttir
 19.30 Veðurfréttir
 19.35 Kastljós
 20.10 Daginn eftir frið (The Day After Peace)
 ▶ 21.15 Glæpahneigð (Criminal Minds) (53:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Aðalhlutverk: Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore.
 22.00 Tíufréttir
 22.15 Veðurfréttir
 22.20 Íslenski boltinn Sínd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.
 23.05 Flokksgæðingar (Party Animals) (7:8) Bresk þáttaröð um unga aðstoðarmenn og ráðgjafa í stjórnmálum í Westminster. Álagið er mikið og þeir þurfa að axla mikla ábyrgð í störfum sínum en einkalíf þeirra er allt í óreiðu. Aðalhlutverk: Patrick Baladi, Raquel Cassidy, Matt Smith, Andrew Buchan, Andrea Riseborough, Colin Salmon og Shelley Conn. (e)
 23.55 Kastljós (e)
 00.25 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 On A Clear Day
 10.00 RV
 12.00 Are We Done Yet?
 14.00 Spin
 16.00 On A Clear Day
 18.00 RV
 ▶ 20.00 Grilled Gamanmynd með Ray Romano og Kevin James í aðalhlutverkum.
 22.00 Mission. Impossible 3
 00.05 Into the Blue
 02.00 Battle Royale
 04.00 Mission. Impossible 3
 06.05 The Queen

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.
 08.15 Oprah
 08.55 Í fínu formi
 09.10 Bold and the Beautiful
 09.30 The Doctors
 10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel (1:10)
 10.55 The Best Years (6:13)
 11.45 60 mínútur
 12.35 Nágrannar
 13.00 Enchanted
 14.55 Notes From the Underbelly (1:10)
 15.25 Grumpy Old Women (4:4)
 15.55 Barnatími Stöðvar 2 Njósnaarskólinn, Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee.
 17.08 Bold and the Beautiful
 17.33 Nágrannar
 17.58 Friends (24:24)
 18.23 Veður
 18.30 Fréttir Stöðvar 2
 18.47 Íþróttir
 18.54 Ísland í dag
 19.11 Veður
 19.20 The Simpsons (1:25) Lífið hjá Hómer og Marge Simpson gengur sinn vana-gang en ekki líður sá dagur að þau eða börnin, Bart, Lisa og Maggie, rati ekki í vandræði!
 20.10 Extreme Makeover. Home Edition (20:25) Fjórdi þáttaröð hins svínsæla Extreme Makeover. Home Edition.
 ▶ 20.55 Big Love (2:10) Þriðja serían af þessum marglofuðu og ógrandi þáttum um Bill Henrickson sem lifir margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.
 21.55 The Best Years (11:13) Unglingastúlkan Samantha Best hefur þurft að flytjast milli fósturheimila síðustu árin. Nú er hún að hefja skólagöngu í virtum háskóla og þarf hún að læra að takast á við háskóla lífið og ástina.
 22.40 John From Cincinnati (5:10)
 23.30 Martha Behind Bars
 00.55 Samaria
 02.35 Enchanted
 04.20 Big Love (2:10)
 05.20 The Simpsons (1:25)
 05.55 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 FH - Valur Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
 17.30 FH - Valur Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
 19.20 Real Madrid - Xerez Útsending frá leik í spænska boltanum.
 21.00 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.
 21.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttarþáttur Skyggst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
 22.00 Pepsimörkin 2009 Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttarfréttamönnum Stöðvar 2 Sport.
 23.00 10 Bestu: Sigurður Jónsson Fimmti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar. Í þessum þætti verður fjallað um Sigurð Jónsson og ferill hans skoðaður.
 23.50 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilariar heims.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Chelsea - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
 16.05 Everton - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
 17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
 18.45 PL Classic Matches Arsenal - Leeds Hápunkturinn úr bestu og eftirminni-leigustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
 19.15 Arsenal - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
 21.00 Premier League Review
 22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífir á einum stað.
 22.30 West Ham - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
 08.00 Dynasty (54:88) (e)
 08.50 Pepsi MAX tónlist
 17.40 Dynasty (55:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar þegar þess þarf.
 18.30 Game Tívi (1:14) (e)
 19.10 Skemmtigarðurinn (1:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti þurfa tveir 5 manna fjölskyldur að leysa ýmsar þrautir. (e)
 20.10 Kitchen Nightmares (5:12) Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.
 21.00 Bachelorette (11:12) Bandarísk raunveruleikasæria þar sem ung og einhleyp kona fær tækifæri til að finna draumaprinsinn í hópi myndarlegra piparsveina.
 ▶ 21.50 CSI. New York (2:25) Bandarísk sakamálasæria um Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Dularfullt dauðsfall á tónleikum hjá Maroon 5 og mikil skelfing gripur um sig. Málið er talið tengjast fleiri dauðsföllum og rannsóknarsveitin er í kapphlaupi við tímann að leysa málið áður en fleiri líggja í valnum.
 22.40 The Jay Leno Show - NÝTT Spjallþáttaköngurinn Jay Leno tekur á móti göðum gestum og slær á léta strengi. Þetta er glænýr þáttur með nýjum og ferskum áherslunum. Fyrsti gesturinn er grínistinn Jerry Seinfeld en auk hans koma Jay-Z, Kanye West og Rihanna fram í þættinum.
 23.30 Harper's Island (2:13) (e)
 00.20 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Eldum íslenskt Matriðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.
 20.30 Hugspretta Andri Heiðar Kristinsson fjallar um nýjungar, frumköðla og framsýni
 21.00 Léttari leiðir Umsjón hafa: Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Víðar Garðarsson.
 21.30 Í nærveru sálar Skyggst inn í heim lesblindra.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Tilboð septembermánaðar í Sony Center

Hreyfðu þig í vetur

með Sony Zappin hágæða heyrnartólum með innbyggðum tónlistarspilara.

Haldast vel á höfðinu þrátt fyrir mikla hreyfingu.
 Engar snúrur - ekkert vesen

Verð: 18.990,- (á meðan birgðir endast)



SONY
 Sony Center
 Kringlunni
 103 Reykjavík
 Sími: 512-3300
 www.sonycenter.is

Í KVÖLD

▶ VIÐ MÆLUM MED Daginn eftir frið

Sjónvarpið kl. 20.10

Bresk heimildarmynd um baráttu eins manns fyrir því að koma á árlegum vopnahlédegum um allan heim. Höfundur myndarinnar er Jeremy Gilley og við sögu koma Kofi Annan, Jude Law, Angelina Jolie, Dalai Lama, Annie Lennox og Johnny Lee Miller.



STÖÐ 2 KL. 20.10

Extreme Makeover: Home Edition

Fjórdá þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni. Það er ótrúlegt að sjá breytingarnar enda er nýja húsnæðið hannað sérstaklega fyrir fjölskylduna sem þar mun búa.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútlit hefst
- 06.50 Bæn
- 07.05 Vít og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Stefnumót
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Hringisól
- 14.03 Bak við stjörnurnar
- 15.03 Útlitssagan: Brestir í Brooklyn
- 15.25 Fólki og fræði
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Kvika
- 21.10 Framtíð lýðræðis
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Tónlistarklúbburinn
- 23.20 Lostafulli listræninginn
- 00.07 Næturtónar

- | | | | | | |
|---------|-------------|---------|--------------|----------|---------------|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útlit Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útlit Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útlit Saga | | |

EXTRA

16.30 Doctors (15:25)

17.00 Doctors (16:25)

▶ 17.30 E.R. (8:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknamir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

18.15 Seinfeld (4:24)

18.45 Doctors (15:25)

19.15 Doctors (16:25)

19.45 E.R. (8:22)

20.30 Seinfeld (4:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.20 Ísland í dag

21.45 Jamie At Home (6:13) Jamie Oliver sýnir hvernig elda skal einfalda rétti í eldhúsinu heima.

22.10 Monk (13:16) Adrian Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn undarlegra sakamála sem flest eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

22.55 Numbers (10:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðisni sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.

23.40 Lie to Me (13:13)

00.25 The 4400 (6:13)

01.10 Ástríður (5:12)

01.40 Auði og Sveppi

02.10 Sjáðu

02.35 Fréttir Stöðvar 2

03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Rob Brydon's Annually Retentive 12.30 Saxondale 13.00 Only Fools and Horses 13.30 Absolutely Fabulous 14.00 The Weakest Link 14.45 Rob Brydon's Annually Retentive 15.15 Saxondale 15.45 Only Fools and Horses 16.15 Absolutely Fabulous 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 The Catherine Tate Show 18.30 Saxondale 19.00 Rob Brydon's Annually Retentive 19.30 Absolutely Fabulous 20.00 Life on Mars 20.50 The Catherine Tate Show 21.20 Saxondale 21.50 Rob Brydon's Annually Retentive 22.20 Absolutely Fabulous 22.50 EastEnders 23.20 The Weakest Link

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet 12.50 Nýheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Skråplan 14.30 Bræceface 14.55 Den lyserode panter 15.00 Troldepejlet 15.15 Robotboy 15.30 Byggemand Bob 15.40 Benjamin Bjørn 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Gor det selv 18.00 Verdens værste naturkatastrofer 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Danskere i krig 20.30 Bag tremmer 21.20 OBS 21.25 VM Brydning 2009 21.55 Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen 22.30 Seinfeld

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Naboer 12.30 Andre avenyen 13.00 NRK nyheter 13.10 Sjukehuset i Aidsenfield 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 15.55 Nýheter på tegnspråk 16.00 Smá Einsteins 16.25 Angelina Ballerina 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Tingenes tilstand 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Kautokeinoopprettet 20.25 Store Studio 21.00 Kveldsnytt 21.15 Derrick 22.15 Menneskets store vandring 23.05 Nytt på nytt 23.35 Sport Jukeboks

SVT 1

11.20 Plus 12.40 Sjätte skottet 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Ett annat sätt att leva 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Hockeykväll 19.30 Ålskade, hatade fört 20.00 Long Distance Love 21.00 Kulturyheterna 21.15 Mannen under trappan 22.00 Här är ditt liv 23.30 Studio 60 on the Sunset Strip

Fiskikóngurinn ÍSLANDSMET

Við ætlum okkur að slá Íslandsmet í sölu á fiskfarsi í dag. Við ætlum okkur að selja 4 tonn á gjafaverði.

Glænýtt FISKFARS

399

kr.kg

Þetta er 20 ára gömul uppskrift, leyniuppskrift. Allir sem kaupa 5 kg fá gefins glænýtt rúgbrauð frá HP Selfossi.

Hrikalega gott og hollt. Gott er að búa til fiskbollur og steikja á pönnu. Fiskbollurnar má svo frysta. Þegar fiskbollurnar eru matreiddar þá er fínt að setja þær frosnar inni ofn á 200 gráður í 20 mín.

Í fiskfarsinu er ekkert hveiti, engin egg né mjólk. 100% nýr og góður fiskur er notaður í fiskfarsið, enda getur fiskikóngurinn ekki státað af öðru nema góðu hráefni.



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Það er voða sætt að sjá hana á vespunni en ég er hrædd um hana í myrkrinu. Hafði meira að segja sagt henni klukkutíma fyrir slysið að passa sig. Nú leggur hún vonandi vespunni yfir veturinn. Ég er mjög ánægð með hana í Popplandinu og hlusta alltaf þegar ég get. Ég bið hana stundum um óskalog en fæ þau nú ekki alltaf.“

Ragnheiður Ólafsdóttir er móðir útvarpskonunnar Margrétar Erlu Maack sem lenti í vespuslysi miðvikudagskvöldið var.

Íslenskir þýðendur hunsa Lars von Trier

„Við höfum aðeins einu sinni lent í þessu áður, það var fyrir kvikmyndina Zoo þar sem maður hefur mök við hest og deyr.“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu. Þýðendur neita að texta kvikmyndina Antichrist eftir Lars von Trier. „Við leitum til fjögurra og þeir sögðu allir nei. Þá nemtum við þessu ekki lengur. Þeir höfðu lesið sitt hvað um viðbrögðin við myndinni eftir frumsýningar í Cannes og Toronto og svo auðvitað hér heima,“ útskýrir Ísleifur og vísar þar til fréttar Fréttablaðsins af þeim Jóni Baldvini og Bryndísi Schram. Jón Baldvin gekk út af myndinni, honum var svo ofboðið en Bryndís tórði hins vegar í bíósalnum alveg þangað til myndinni

lauk. Hún viðurkenndi í samtali við Fréttablaðið að hún hefði þurft að fá sér smá brennivínsstap til að ná sér niður. Ísleifur segir allar myndir vera þýddar eftir handriti. Hins vegar þurfi þýðandinn að hafa myndina fyrir augum sér, horfa á hana nokkrum sinnum svo að textinn komi örugglega á réttum stað. „Og þeir voru ekkert sérstaklega tilbúnir til þess, að horfa á hana oft og mörgum sinnum,“ segir Ísleifur sem reiknadi með að hann myndi örugglega bara sjálfur texta myndina fyrir DVD-útgáfuna.



ENGINN VILDI TEXTA TRIER Þýðendur sögðu nei við Antichrist og vildu ekki texta hana fyrir almennar sýningar. Hún verður frumsýnd 28. september. Ísleifur B. Þórhallsson segir þetta aðeins í annað sinn sem hann lenti í svona.

1		2		3		4		5
6	7			8				
9		10			11			
12				13				
	14							15
16				17				
18		19				20		
21								

LÁRÉTT 2. teikning af ferli, 6. kyrrð, 8. for, 9. upphrópun, 11. bókstafur, 12. máttur, 14. guð, 16. innan, 17. líða vel, 18. fálm, 20. tveir eins, 21. fullnægja.

LÓÐRÉTT 1. íþróttafélag, 3. guð, 4. vöxtur, 5. af, 7. lausbeislaður, 10. temja, 13. svelg, 15. potttréttur, 16. upphrópun, 19. eldsneyti.

ÞÓRHALLUR GUNNARSSON: SJÓNVARPSSTÖÐVAR HAFI EKKI SAMRÁÐ

Stöð 2 bakkar í stríðinu um sunnudagskvöldin

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, deilir hart á framkomu Ríkissjónvarpsins í tengslum við árekstur Hamarsins og Fangavaktarinnar. Dagskrárstjóri RÚV vísar gagnrýninni á bug og segir það hafa verið mistök að hafa breytt sýningartíma Svartra engla í fyrri. Sjónvarpsstöðvar eigi ekki að hafa samráð um dagskráartíma.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu rekast þættirnir á Hamarinn verður frumsýndur á RÚV sunnudaginn 4. október klukkan 20.10 en Fangavaktin átti að vera sýnd tuttugu mínútum seinna eða klukkan 20.30. Pálmi hefur nú ákveðið að færa Fangavaktina aftur á dagskrá Stöðvar 2 þau sunnudagskvöld sem Hamarinn er sýndur þannig að áhorfendur geti fengið að sjá leikið íslenskt efni í frumsýningu sama kvöldið.

Pálmi er hins vegar ekki sátur við kollega sinn í Efstaleitinu, dagskrárstjóran Þórhall Gunnarsson. „Þættirnir eru báðir styrktir úr sjóðum skattgreiðenda í gegnum Kvikmyndamiðstöð Íslands og því hvílir á okkur sú skylda að veita áhorfendum tækifæri til að sjá þættina í frumsýningu. RÚV á litlar þakkar skildar fyrir að misnota nefskattinn og opinbert fé úr Kvikmyndamiðstöð Íslands í þessum sandkassaleik við einkastöðvarnar.“ Pálmi telur að RÚV sé með þessu að fara í beina samkeppni við annað íslenskt leikið efni. „Sýningartími Fangavaktarinnar hefur verið auglýstur um margra mánaða skeið. Og því finnst mér það sérkennilegt að fjölmiðill sem skattgreiðendur kosta hagi sinni dagskrársetningu sérstaklega



SJÓNVARPSSTÖÐVARNA DEILA

Pálmi Guðmundsson segir RÚV misnota nefskattinn og opinbert fé úr Kvikmyndamiðstöð í sandkassaleik sínum við einkastöðvarnar. Þórhallur Gunnarsson hafnar þeim fullyrðingum, segir sjónvarpsstöðvarnar ekki eiga að hafa samráð um dagskráartíma. Fangavaktin verður færð aftur í dagskrá Stöðvar 2 þau sunnudagskvöld sem Hamarinn er sýndur.

með það að markmiði að spilla fyrir því sem einkastöðvar eru að gera,“ segir Pálmi og bætir því við að honum þyki RÚV gera lítið úr vinnu þessa lista- og fagfólks sem vann við gerð Fangavaktarinnar með þessum æfingum sínum. Þórhallur Gunnarsson sagðist í samtali við Fréttablaðið telja að menn væru að gera úlfalda úr mýlflu. Honum líði eins og hann væri hluti af markaðsherferð einhvers sjónvarpsþáttar og það kynni hann ekki við. „Ég hef margitreakað að Hamarinn er ekki settur til höfuðs Fangavaktinni, heldur fer hann á hefðbundinn tíma leikins íslensks efnis sem

hefð hefur verið fyrir hjá RÚV,“ segir Þórhallur og bætir því við að honum þyki óeðlilegt að sjónvarpsstöðvarnar hafi samráð um uppsetningu. „Það voru mistök gagnvart áhorfendum RÚV að hnika þessu til í fyrri. Þeir voru mjög ósáttir við þessa breytingu. Það er fyrst og fremst skylda RÚV að taka tillit til sinna áhorfenda,“ segir Þórhallur og vísar þeirri fullyrðingu á bug að hann sé á einhvern hátt að gera lítið úr vinnu þeirra listamanna og fagfólks sem að Fangavaktinni kom. „Ég ber mikla virðingu fyrir því fjólki sem kemur að gerð þessarar þáttaraðar.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundurinn, leikskáldið og leikkonan **Þórdís Elva Bachmann** hugðist halda stutta kynningu í bókabúð Eymundssonar við Austurstræti nýverið í tengslum við útgáfu á bók sinni, Á mannamáli. Hins vegar varð að fresta þeirri ágætu bókakynningu vegna gleðilegrar ástæðu því Þórdís fæddi sitt fyrsta barn um kvöldið. Strákurinn jó fjórtán merkur ef marka má vefsíðu Forlagsins og heilsast bæði móður og barni vel.

Önnur kjarnakona, sem getið hefur sér gott orð í Búlgaríu, er gengin til liðs við vefsíðu Björns Inga Hrafnssonar, Pressuna. Þetta er auðvitað engin önnur en **Ásdís Rán Gunnarsdóttir**. Ásdís byrjar með látum hjá Birni Inga því hún birtir glæsýtt myndasafn þar sem sjá má fyrirsætuna í efnislitlum fötum. Til að krydda aðeins fyrstu færsluna fetar hún í fótspor Bakkavararbræðra og skýtur föstum skotum á bloggásamfélagið á Íslandi, segir bloggarna einfaldlega vera öfundsjúka út í sig og sinna frama.

Eins og greint var frá fyrir skemmstu ætlaði **Jakob Þór Haraldsson**, bloggari og heilbrigð skynsemi með meiru, að leita ráða hjá talsmanni neytenda, **Gísla Tryggvasyni**. Jakob taldi Iceland Express vera að stela slagorði sínu, „rödd skynseminnar“. Hins vegar mun Jakob hafa gripið í tómt hjá Gísla því vörumerkjatrygging er víst ekki neytendamál heldur lagalegt atriði og því ráðlagði Gíslur honum að ráða sér bara lögræðing.

LAUSN
rág, 16. úff, 19. mó.
5. fta, 7. óhefur, 10. aga, 13. íöu, 15.
LÖBRÉTT: 1. fram, 3. ra, 4. aukning,
una, 18. fun, 20. gg, 21. ftoa.
11. ka, 12. meglin, 14. ftoir, 16. úr, 17.
LÁRÉTT: 2. graf, 6. ra, 8. aur, 9. aha,

VEISTU SVARIÐ?
Svör við spurningum á síðu 8

- Spánarsnigill.
- Ríkislottó Búlgaríu.
- Selfoss.

Diskó Frískó
Afmæli-Reunion-Brúðkaup.
Erum eingöngu með party-dja.
Leigjum einnig út hljóðkerfi
www.dj.is
Party-Ljónið dj Kristján
sími 8960602 - kristjan@dj.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

NÝJAR GELLUR
KINNFISSUR
SALTFISSUR
LÍNUÝSA

LÚÐUSNEIÐAR
FISKRÉTTIR
PLOKKFISSUR

Hugsum um heilsuna og börðum fisk.

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

Sýslumaður skrifar smásögur

„Þetta eru sögur um lífið og tilveruna. Flestar snúast um einhvers konar hrun og átök í mannlegri tilveru og uppbygginguna. Ein sagan fjallar svo um það að konur séu miklu betri en karlmenn í að reka íþróttafélög. Þetta er allt skáldskapur. Það eru engar fyrirmyndir.“
Hér talar Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi. Smásagnasafn hans, Ný von að morgni, er væntanlegt á næstunni. „Þetta er það fyrsta sem kemur út eftir mig fyrir utan meistaraprósritgerðina sem ég gaf út sjálfur í fimmtíu eintökum í fyrri. Allar þessar sögur hafa þó birst áður í Bæjarins besta, héraðsblaðinu á Ísafirði, en hann Hallgrímur Sveinsson hjá Vestfirskra forlaginu fékk þá hugmynd að gefa þetta út í bók. Ég tók ár í að hugsa mig um og þetta er niðurstaðan.“

Ólafur segist gera svolítið af því að lesa smásögur og nefnir Þóri Balduresson sem höfund sem hann hrífist af. Þar sem Ólafur er þekktasti Rolling Stones-aðdáandi landsins liggur auðvitað beinast við að spyrja hann hvort það sé eitthvert rokk í bókinni. „Tja, ég kann ágætlega við sinfóníur en kannski eru smásögur eins og dægurlög, þær ná betur til fólks. Þú veist svo hvað Keith Richards sagði þegar hann var spurður hvornig hann semdi lög? Hann sagði að hann semdi engin lög heldur kæmu lögin bara til



HRUN, ÁTÖK OG UPPBYGGING Smásagnasafn Ólafs Helga, Ný von að morgni, er væntanlegt.

hans. Þannig er það líka með mig og smásögurnar.“
En ef bókin þín væri Stones-plata, hvaða plata væri hún þá?
„Hm... Let it bleed líklega, frekar en Sticky Fingers. En annars var ég nú ekki búinn undir þessa spurning!“



FRYSTIKISTUR Í MIKLU ÚRVALI

MEST SELDU FRYSTIKISTUR Á ÍSLANDI



VERÐDÆMI

Whirlpool AFG6323B
327 lítra FRYSTIKISTA með 24kg frystigetu á sólarhring og orkunýtingu B. Ein karfa fylgir. Mál (hxbxd): 88,5x112x66sm.

VERÐ

99.995

FRÁBÆRT VERÐ

MARGAR STÆRÐIR Í BOÐI

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

eina SAUMAVÉLAR



ELNA2100
Einföld og góð SAUMAVÉL með 15 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Ábreiða yfir vélna fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

29.995

FULLT VERÐ 39.995



ELNA2300
Einföld og góð SAUMAVÉL með 24 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Íslenskur leiðarvísir fylgir. Ábreiða yfir vélna fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

36.995

FULLT VERÐ 44.995



ELNA2600
Einföld og góð SAUMAVÉL með 19 sporgerðir, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða yfir vélna fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

42.995

FULLT VERÐ 49.995



ELNA2800
Einföld og góð SAUMAVÉL með 23 sporgerðir, innbyggðum nálaþræðara, sporatöflu, stilliskífu, 5 gerðum saumfóta, Overlock ofl. Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm. Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm. Ábreiða yfir vélna fylgir og bútasaumsfótur fánlegur.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995

FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ FRÁBÆRT VERÐ

REYKJAVÍK

SUDURLANDSBRAUT 26
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21
480 3700



Heimilistæki

ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar
Elínardóttur

Horfið sakleysi

Kvöld eitt hér um árið hringdi ég til systur minnar og bað hana að lána mér hrærivélina sína, því þá átti ég enga sjálf. Þetta var auðsótt mál, systir mín sagði að ég skyldi bara skreppa og sækja hana. Þau hjónin væru reyndar stödd í útlöndum en útdyrnar væru ólæstar auðvitað eins og venjulega, svo ég gæti bara haft mína hentisemi. Þessi notalega gestrisni sem kom af sjálfu sér á upphafsárum búskaparins í dreifbýli reyndist aldrei kosta þau hjónakorn eftirsjá.

SVONA gamaldags hugsunarháttur gæti átt heima í sögu frá þarsíðustu öld, því bara tæpum áratug síðar hefur elskulegt traust á náunganum gufað upp úr flestum. Daglegar fréttir af fólki sem kemur að heimili sínu svívirtu af harðkjarna innbrotsbjófum hafa svipt okkur því sakleysi sem mörgum var eðlislægt fyrir stuttu. Nú skreppur ekki nokkur maður svo mikið sem út í bakari án þess að hespa alla glugga vandlega aftur, melda sig til nágrannans og virkja þjófvarnarkerfið. Dagleg bölsýni fjölmiðla hefur hrætt líftórana úr okkur öllum. Ofan á hroðalegar fjármálafréttir, sorgarsögur og heimsendaspár er nú í huganum ekki þverfótandi lengur fyrir pólskum þjófaflokkum sem bíða þess eins að rýja okkur endanlega inn að skinninu.

HUNDUR sem bættist við fjölskylduna fyrr á þessu ári reyndist í kaupbæti vera lifandi þjófvarnarkerfi og tekur hlutverk sitt ákaflega alvarlega. Í hvert skipti sem einhver vogar sér fram hjá húsinu eftir að honum finnst að fólk eigi að vera farið að sofa, lyftir hann eyra og augnloki og urrar aðvarandi. Stjálkli einhver um lóðina eftir myrkur rýkur hann upp í vígaham, æstur og geltandi og framfylgir þannig embættisskyldum sínum af fullri einurð. Skiptir þá engu máli hvort á ferð eru strangheiðarlegir nágrannar eða samvískusamur blaðberi.

ALVÖRU þjófar fengju líklega að finna til tevatnsins. Líkt og sá óheppni ræningi sem ætlaði samkvæmt fréttum um daginn inn um svaladyr á húsi en mætti þá vígreifum varðhundi heimilisins. Það eina sem þjófurinn sá skildi eftir sig, var blóðslóð á veröndinni og sigri hrósandi seppi. Merkilægt reyndar að hundurinn og eigandi hans hafi ekki verið kærðir fyrir líkamsárás, miðað við þá lagalegu samúð sem stórþjófar virðast njóta á Íslandi.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 21. september 2009, 264. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.08	13.21	19.32
Akureyri	6.52	13.06	19.17

Heimild: Almanak Háskólans



Aðeins í dag!

Tilboð!

Verð frá: 8.900 kr.*

Rödd skynseminnar hér. Það er nauðsynlegt að vera á tánum þegar góð tilboð detta inn...

Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta til Evrópu á frábæru tilboðsverði, frá **8.900 kr.,** aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.*

Bókunartímabil: Frá kl. 12:00 á hádegi til kl. 23:59, 21. september
Ferðatímabil: 1. október - 10. desember 2009
Áfangastaðir: London Stansted, London Gatwick, Kaupmannahöfn, Berlín og Varsjá

Þú bókar á www.icelandexpress.is!

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug. Athugið að flugvallaskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

Iceland Express með ánægju

www.icelandexpress.is